

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 39

32. árgangur

19.6.2025

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2025/EES/39/01		Beiðni áfrýjunarnefndar í stjórnsýslulegum málefnum Furstadæmisins Liechtenstein um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Valair AG gegn Amt für Volkswirtschaft (Amt für Hochbau und Raumplanung (AHR) (Viðskiptaskrifstofa) (Stofnun fyrir byggingarframkvæmdir og skipulag) (Mál E-1/25)	1
2025/EES/39/02		Beiðni áfrýjunardómstóls Borgarting (Borgarting lagmannsrett) um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Sarpsborg Avfallsenergi AS o.fl. gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála (Mál E-2/25)	2
2025/EES/39/03		Dómur dómstólsins frá 5. mars 2025 í máli E-13/24 – Friends of the Earth Norway and Young Friends of the Earth Norway gegn norska ríkinu, í fyrirsvari eru ráðuneyti loftslags- og umhverfismála og viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið	3
2025/EES/39/04		Dómur dómstólsins frá 26. febrúar 2025 í máli E-14/24 – Elmatica AS gegn Confidee AS og Vidar Olsen	4
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/39/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11871 – KINGDOM OF DENMARK/KØBENHAVNS LUFTHAVNE)	5
2025/EES/39/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11943 – MULTIPLY/CVC/PAI/TENDAM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2025/EES/39/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11963 – ADNOC/OMV/NOVA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7

2025/EES/39/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11989 – CVC DIF/VNG/ BALANCE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2025/EES/39/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11994 – BCI/ETHOS/OTPP/ BROADSTREET) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2025/EES/39/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12016 – 3G CAPITAL/ SKECHERS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/39/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12023 – TPG/CORPAY/ AVIDXCHANGE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2025/EES/39/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.12035 – APOLLO/DIDAVID/ TRADEINN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2025/EES/39/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11625 – EPCG/IDS)	13
2025/EES/39/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11684 – MIDEA/TEKA)	13
2025/EES/39/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11807 – UNITED GROUP/MOTOR OIL (HELLAS)/ALPHA SATELLITE TV)	14
2025/EES/39/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11951 – VAN MOSSEL AUTOMOTIVE INTERNATIONAL/ LÖHR & BECKER)	14
2025/EES/39/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11982 – HELLMAN & FRIEDMAN/CVC/MEHILÄINEN)	15
2025/EES/39/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11997 – MADISON DEARBORN PARTNERS/THOMA BRAVO/ NEXTGEN HEALTHCARE)	15
2025/EES/39/19	Tilkynning um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. apríl 2025 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (Mál AT.40669 – Endurvinnsla á úr sér gengnum ökutækjum) (Tilkynnt með skjálnúmeri C(2025) 1791)	16
2025/EES/39/20	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	17

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni áfrýjunarnefndar í stjórnsýslulegum málefnum Furstadæmisins
Liechtenstein um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Valair AG gegn Amt
für Volkswirtschaft (Amt für Hochbau und Raumplanung (AHR))
(Viðskiptaskrifstofa) (Stofnun fyrir byggingarframkvæmdir og skipulag)
(Mál E-1/25)

2025/EES/39/01

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni áfrýjunarnefndar stjórnsýslumála Furstadæmisins Liechtenstein (*Die Beschwerdekommision für Verwaltungsangelegenheiten des Fürstentums Liechtenstein*), sem skráð var í málaskrá dómstólsins 6. febrúar 2025, um ráðgefandi álit í máli *Valair AG* gegn *Amt für Volkswirtschaft (Amt für Hochbau und Raumplanung (AHR))*, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

- Leiðir það af 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu eða öðrum EES-ákvæðum að lögbært leyfisfyrvald aðildarríkis megi ekki setja frekari skilyrði?
- Ef svarið við fyrstu spurningunni er „nei“: Stendur markmiðið um að koma á fót innri loftflutningamarkaði, og/eða aðrar meginreglur EES-réttar, í vegi fyrir setningu ákvæðis sem kveður á um að flugrekandaskírteini og flugrekstrarleyfi fyrir flug sem flytur farþega, farm og/eða póst gegn greiðslu og/eða leigugjaldi séu aðeins gefin út eða veitt ef fyrirhuguð starfsemi er í raun einnig möguleg á grundvelli innviða sem fyrir eru í Liechtenstein?
- Ef svarið við annarri spurningunni er „nei“: Samrýmist 3. mgr. 9. gr. laga um flugmál í Liechtenstein, sem í reynd útilokar útgáfu eða veitingu flugrekandaskírteinis og flugrekstrarleyfis fyrir flug sem flytur farþega, farm og/eða póst gegn greiðslu og/eða leigugjaldi með fastvængjaloftfari vegna skorts á innviðum í Liechtenstein, í formi flugvalla eða flugbrauta, ákvæðum 36. gr. EES-samningsins (frelsi til að veita þjónustu)?

2025/EES/39/02

**Beiðni áfrýjunardómstóls Borgarting (Borgarting lagmannsrett) um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Sarpsborg Avfallsenergi AS o.fl. gegn norska ríkinu,
í fyrirsvári er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála
(Mál E-2/25)**

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni frá áfrýjunardómstóli Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*), sem skráð var í málaskrá dómstólsins 17. febrúar 2025, um ráðgefandi álit í máli (*Staten v/Klima- og miljødepartementet*), að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Ber að túlka fyrstu starfsemina sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, þannig að allar stöðvar sem sjá um brennslu á hættulegum úrgangi eða sorpi falli utan gildissviðs tilskipunarinnar, þ.m.t. þær sem stunda aðra starfsemi en brennslu úrgangs, að því tilskildu að þær séu einungis notaðar að litlu leyti til brennslu á öðrum úrgangi?
2. Ef spurningu 1 er svarað neitandi, hvert á þá að vera markmið mats og hvaða þættir skipta máli við matið á undanþágunni í fyrstu starfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipunina um kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2025/EES/39/03

frá 5. mars 2025

í máli E-13/24

**Friends of the Earth Norway and Young Friends of the Earth Norway gegn norska ríkinu, í
fyrirsvari eru ráðuneyti loftslags- og umhverfismála og viðskipta-, iðnaðar- og
sjávarútvegsráðuneytið**

*(Umhverfi – Tilskipun 2000/60/EB – Aðgerðarammi um stefnu í vatnsmálum – c-liður 7. mgr.
4. gr. – Ástæður fyrir brýnum almannahagsmunum í skilningi 7. mgr. 4. gr.)*

Hinn 5. mars 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-13/24, Friends of the Earth Norway and Young Friends of the Earth Norway gegn norska ríkinu, í fyrirsvari er ráðuneyti loftslags- og umhverfismála og viðskipta-, iðnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið – BEIÐNI áfrýjunardómstóls Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, einkum c-lið 7. mgr. 4. gr. Dóminn skipuðu dómarnir Páll Hreinsson, forseti (framsögumaður), Bernd Hammermann og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Túlka ber c-lið 7. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum þannig að nauðsynlegt er að meta þá hagsmuni sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig, svo hægt sé að skera úr um hvort til staðar séu brýnir almannahagsmunir. Þó að ekki sé þörf á neinum sérstökum ríkjandi hagsmunum í þessum tilgangi, verður engu að síður að framkvæma sérstakt mat, þannig að tilgreindir brýnir almannahagsmunir sem réttlæta breytingar á eðliseiginleikum vatnshlots vegi þyngra en þau umhverfismarkmið er eiga að varna hnignun á stöðu vatnshlots. Meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvaða þættir skipta máli þegar ákvarða þarf hvort brýnir almannahagsmunir séu til staðar.
2. Ekki er hægt að telja tekjur sem verða til vegna atvinnustarfsemi, þ.m.t. fyrir starfsmenn, hluthafa eða viðkomandi EES-ríki með sköttum, til brýnna almannahagsmuna í skilningi 7. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60.
3. Tilteknir þættir sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu á ákveðnum svæðum eða framlagi verkefnis til afhendingaröryggis eða afhendingar á mikilvægum jarðefnum innan EES, geta talist til brýnna almannahagsmuna í skilningi 7. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/60, að því tilskildu að öllum öðrum skilyrðum sem þar koma fram hafi verið fullnægt.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2025/EES/39/04****frá 26. febrúar 2025****í máli E-14/24****Elmatica AS gegn Confidee AS og Vidar Olsen**

(Tilskipun (ESB) 2016/943 – Reglur um sönnunarfærslu og aðgangur að trúnaðarupplýsingum – Viðskiptaleyndarmál – Vega og meta hagsmuni – Meginregla um skilvirka réttarvernd)

Hinn 26. febrúar 2025 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-14/24, Elmatica AS gegn Confidee AS og Vidar Olsen – BEIÐNI Hæstaréttar Noregs (*Norges Høyesterett*) samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um túlkun á tilskipun (ESB) 2016/943 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögumætri öflun, notkun og birtingu þeirra. Dóminn skipuðu dómaramir Páll Hreinsson, forseti, Bernd Hammermann (framsögumaður) og Michael Reiertsen og hljóða dómsorð sem hér segir:

1. Í ágreiningsmálum um ólögumæta öflun, notkun og birtingu, á viðskiptaleyndarmálum leiðir af EES-rétti að landsdómstólar vegi og meti viðkomandi hagsmuni í hverju einstöku tilviki og finni jafnvægi milli kröfunnar um skilvirka réttarvernd og verndar viðskiptaupplýsinga, þar með talið viðskiptaleyndarmála.
2. EES-réttur leggur ekki þá skyldu á landsdómstóla í öllum málum að þeir afli og rannsaki umdeild sönnunargögn sem kunna að fela í sér viðskiptaleyndarmál til að unnt sé að komast að niðurstöðu um hvort leggja eigi þessi sönnunargögn fram í málinu. Það nægir að landsdómstólar geti, að eigin ákvörðun, ákveðið að afla umræddra sönnunargagna í þeim tilvikum þar sem þeir telja það nauðsynlegt til að unnt sé að leggja rétt mat á það hvort sönnunargögn séu lögð fram. Slíku mati verður að beita í samræmi við almennar meginreglur EES-réttar.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/39/05

(mál M.11871 – KINGDOM OF DENMARK/KØBENHAVNS LUFTHAVNE)

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- København Lufthavne A/S („CPH“, Danmörku)
- Konungsríkið Danmörk, fjármálaráðuneytið („MoF“, Danmörku)

MoF öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir CPH í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CPH á og rekur flugvelli í Kaupmannahöfn og Hróarskeldu í Danmörku, þar á meðal innviði er tengjast flugvöllum. Meginstarfsemi CPH felst í því að veita innviðaþjónustu á flugvöllum. Kaupmannahafnarflugvöllur þjónaði um 29,9 milljónum farþega árið 2024. Hróarskelduflugvöllur sér aðallega um flugþjónustu fyrir fyrirtæki og þjónar sem bækistöð fyrir ýmsa flugskóla.
- Konungsríkið Danmörk er aðildarríki Evrópusambandsins. MoF fer með eignarrétt Konungsríkisins Danmerkur í tilteknum fyrirtækjum. Meðal annars á MoF minnihluta, sem ekki er ráðandi, 26,4% í SAS AB, flugfélagi í Skandinavíu, sem starfar við farþega- og fraktflutninga til og frá Kaupmannahafnarflugvelli, sem og við meðhöndlun á farmi, flugafgreiðslu og leiðarviðhald flugvéla á Kaupmannahafnarflugvelli.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 20.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11871 – KINGDOM OF DENMARK/KØBENHAVNS LUFTHAVNE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/39/06

(mál M.11943 – MULTIPLY/CVC/PAI/TENDAM)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Multiply Group PJSC („Multiply“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum), sem endanlega lýtur yfirráðum International Holding Company PJSC („IHC“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum)
- CVC Capital Partners PLC („CVC“, Jersey) í gegnum Llano Holdings S.à R.L. („Llano“, Lúxemborg)
- PAI Partners, S.A.S („PAI“, Lúxemborg)
- Tendam Brands, S.A.U. („Tendam“, Spáni)

Multiply, CVC og PAI ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir Tendam í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Multiply: fjárfestir í umbreytingarfyrirtækjum um allan heim.
 - CVC: ráðgjöf til fjárfestingarsjóða og stjórnun fjárfestingarsjóða og vettvangs fyrir fjárfestingar um allan heim.
 - PAI: stýrir fjölda sjóða sem fjárfesta í viðskiptaþjónustu, dreifingu, matvælum og neytendavörum, almennum iðnaði og heilbrigðisþjónustu.
 - Tendam: starfar við hönnun, innkaup, markaðssetningu, sölu og dreifingu á gæða kven- og karlfatnaði sem er fjöldaframleiddur í gegnum verslanir, netsölu og alþjóðleg sérleyfi.
3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 16.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11943 – MULTIPLY/CVC/PAI/TENDAM

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/39/07

(mál M.11963 – ADNOC/OMV/NOVA)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Abu Dhabi National Oil Company (ADNOC) P.J.S.C. („ADNOC“, Sameinuðu arabísku furstadæmunum)
- OMV Aktiengesellschaft („OMV“, Austurríki)
- Nova Chemicals Corporation („Nova“, Kanada), sem lýtur yfirráðum Mubadala Investment Company PJSC (Sameinuðu arabísku furstadæmunum)

ADNOC og OMV öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Nova í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- ADNOC er orku- og jarðolíusamstæða sem starfar við alla virðis_keðju kolvatnsefna í gegnum net fyllilega samþættra fyrirtækja. ADNOC starfar einkum við leit, vinnslu, geymslu, hreinsun og dreifingu á olíu og gasi, auk þróunar á vörum unnum úr jarðolíu eða -gasi. ADNOC er endanlega í eigu stjórnvalda í furstadæminu Abu Dhabi.
- OMV er alþjóðleg orku- og jarðolíusamstæða sem starfar við fyrra og seinna sölustig olíu- og gasvinnslu auk framleiðslu og markaðssetningu á pólýólefin og undirstöðuíðefnum. OMV lýtur sameiginlegum yfirráðum Österreichische Beteiligungs AG, sem er endanlega að fullu í eigu Lýðveldisins Austurríkis, og ADNOC.
- Nova er jarðolíu- og efnafræðilegt fyrirtæki sem einbeitt sér fyrst og fremst að framleiðslu og sölu á etýleni og pólýetýleni og efnaafurðum. Aðalstarfsemi Nova fer fram í Norður-Ameríku.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 20.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11963 – ADNOC/OMV/NOVA

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/39/08

(mál M.11989 – CVC DIF/VNG/BALANCE)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DIF Management Holding B.V. („CVC DIF“, Niðurlöndum), sem lýtur sameiginlegum yfirráðum CVC Capital Partners PLC (Jersey), Stichting Administratiekantoor DIF Management Holding, PartnerCo B.V. og PartnerCo 2 B.V. (öll með aðsetur á Niðurlöndum)
- VNG AG („VNG“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum EnBW Energie Baden-Württemberg AG (Þýskalandi) og
- BALANCE Beteiligungsmanagement GmbH & Co. KG og dótturfyrirtæki þess („BALANCE“, Þýskalandi)

CVC DIF og VNG öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir BALANCE.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CVC DIF er leiðandi sjóðsstjóri sem stýrir innviðum með eignir í stýringu við orkuskipti, samgöngur, veitur og stafræna þróun, fyrst og fremst um alla Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku og Ástralasíu.
- VNG samanstendur af hópi fyrirtækja sem sérhæfa sig í gas- og gasinnviðum.

3. BALANCE byggir og rekur lífgasver í Þýskalandi sem framleiða lífmetan, framleiða rafmagn og framleiða varma, sem og tilteknar aukaafurðir sem verða til við lífgasvinnslu.
4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 18.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11989 – CVC DIF/VNG/BALANCE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11994 – BCI/ETHOS/OTPP/BROADSTREET)

2025/EES/39/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- British Columbia Investment Management Corporation („BCI“, Kanada)
- Ethos Capital LP („Ethos Capital“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Ethos Capital GP LLC (Bandaríkjunum)
- Ontario Teachers' Pension Plan Board („OTPP“, Kanada)

BCI, Ethos Capital og OTPP öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir BroadStreet Partners, Inc. („BroadStreet“, eða hinu sameiginlega félagi, (JV)).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- BCI er umboðsaðili stjórnvalda í Bresku Kólumbíu í Kanada sem fjárfestir í mismunandi eignaflokkum fyrir hönd viðskipta í opinbera geiranum, m.a. markaðsbréfum, almennum verðbréfum, hlutum í óskráðum félögum, innviðum, endurnýjanlegum auðlindum, fasteignum og veðlánum í fasteignum undir verslunarhúsnæði.
- Ethos Capital er alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki sem stýrir fjárfestingum að meirihluta og minnihluta í meðalstórum fyrirtækjum, fyrst og fremst í Norður-Ameríku og Evrópu.
- OTPP er félag án hlutafjárstofnað samkvæmt lögum um lífeyrissjóð kennara (Ontario). Það stýrir greiðslu lífeyrisbóta og fjárfestingu eigna lífeyrissjóða fyrir hönd starfandi kennara og kennara sem eru komnir á eftirlaun í Ontario-sýslu í Kanada.

3. Starfsemi nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtækjanna (JVs) er sem hér segir:

- BroadStreet er meðalstór váttryggingamiðlun með áherslu á viðskiptalegar og persónulegar eignir, slysatryggingar og starfskjör. Starfsemi fyrirtækisins er nær einungis í Bandaríkjunum og Kanada. BroadStreet lýtur sem stendur yfirráðum sér í lagi af hálfu OTPP.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 18.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11994 – BCI/ETHOS/OTPP/BROADSTREET

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12016 – 3G CAPITAL/SKECHERS)

2025/EES/39/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- 3G Capital Partners, LP („3G Capital“, Bandaríkjunum)
- Skechers USA, Inc. („Skechers“, Bandaríkjunum)

3G Capital nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Skechers í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- 3G Capital er alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki, með bandarísku höfuðstöðvar sínar í New York í Bandaríkjunum, sem sérhæfir sig í verðmætasköpun til langs tíma með stefnumótandi fjárfestingum og rekstrarumbótum. Það er með fjárfestingar í ýmsum atvinnugreinum, þar á meðal neysluvörum, smásölu og mat og drykk.
- Skechers er alþjóðlegt skófyrirtæki sem hannar, þróar og markaðssetur fjölbreytt úrval af skóm fyrir lífstíl og frammistöðu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 16.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12016 – 3G CAPITAL/SKECHERS

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12023 – TPG/CORPAY/AVIDXCHANGE)**

2025/EES/39/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- TPG Inc. („TPG“, Bandaríkjunum)
- Corpay, Inc. („Corpay“, Bandaríkjunum)
- AvidXchange Holdings Inc. („AvidXchange“, Bandaríkjunum)

TPG og Corpay öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir AvidXchange í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- TPG, með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum, er alþjóðlegt eignastýringarfyrirtæki sem samanstendur af sex vöru vettvöngum með fjölbreytt úrval: Capital, Growth, Impact, Real Estate, Market Solutions and TPG Angelo Gordon.
- Corpay, með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum, er skráð í kauphöllina í New York og er alþjóðlegur framleiðandi viðskiptakorta (t.d. nafnspjalda, bensínkorta, sýndarkorta) og greiðslukortalausna til fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllina í New York.
- AvidXchange, með höfuðstöðvar í Bandaríkjunum, sem er skráð í NASDAQ kauphöllina, annast sjálfvirkni hugbúnað fyrir greiðslukort og greiðslulausnir fyrir meðalstór fyrirtæki og birgja þeirra. AvidXchange gerir verkflæði fyrir greiðslukortalausnir stafræn og sjálfvirk og er leyfissskyldur peningasendir fyrir bandarískar greiðslur frá fyrirtæki til fyrirtækis.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 16.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12023 – TPG/CORPAY/AVIDXCHANGE

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.12035 – APOLLO/DIDAVID/TRADEINN)

2025/EES/39/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Apollo Capital Management, L.P., sem lýtur yfirráðum Apollo Global Management, Inc. (einu nafni ásamt stýrðu sjóðunum, „Apollo“, Bandaríkjunum)
- Didavid Management, S.L. („Didavid“, Spáni)
- Tradeinn Retail Services, S.L. („Tradeinn“, Spáni), sem lýtur sem stendur yfirráðum sér í lagi af hálfu Didavid

Apollo og Didavid öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Tradeinn.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Apollo stýrir fjárfestingum í sérhæfðum eignum um allan heim og býður einstaklingum og stofnanafjárfestum upp á fjárfestingarstýringar- og fjárhagsáætlunarþjónustu.
- Didavid er einkahlutafélag sem sérhæfir sig í rekstrarstjórnun og umsýslu fjáreigna.

3. Starfsemi Tradeinn varðar rekstur alþjóðlegs netverslunarflokks sem sérhæfir sig í framboði á íþróttavörum, svo sem íþróttabúnaði, fatnaði og skófatnaði.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild *Stjórnartíðinda ESB*, 16.6.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.12035 – APOLLO/DIDAVID/TRADEINN

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11625 – EPCG/IDS)

2025/EES/39/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11625. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11684 – MIDEA/TEKA)

2025/EES/39/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. mars 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11684. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2025/EES/39/15**
(mál M.11807 – UNITED GROUP/MOTOR OIL (HELLAS)/ALPHA SATELLITE TV)

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. apríl 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11807. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja **2025/EES/39/16**
(mál M.11951 – VAN MOSSEL AUTOMOTIVE INTERNATIONAL/LÖHR & BECKER)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. júní 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11951. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11982 – HELLMAN & FRIEDMAN/CVC/MEHILÄINEN)

2025/EES/39/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. júní 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11982. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
**(mál M.11997 – MADISON DEARBORN PARTNERS/THOMA BRAVO/
NEXTGEN HEALTHCARE)**

2025/EES/39/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. júní 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32025M11997. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar**2025/EES/39/19****frá 1. apríl 2025****um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins
og 53. gr. EES-samningsins****(Mál AT.40669 – Endurvinnsla á úr sér gengnum ökutækjum)****(Tilkynnt með skjalnúmeri C(2025) 1791)**

Hinn 1. apríl 2025 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórnin hefur nú, í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, birt nafn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (í [C-deild Stjórnartíðinda ESB](#), [C/2025/3221](#), [11.6.2025](#)), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðin með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. (EB) 411/2004 (Stjóð. L 68, 6.3.2004, bls. 1).

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

2025/EES/39/20

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Málsnúmer	Aðildarríki	Landsvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega)	Tilvísun birtingar í Stjtið. ESB
SA.118757	Frakkland	France	Cap Franceexport	C/2025/3184, 9.6.2025
SA.116752	Frakkland		Aide à l'exploitation d'un service d'autoroute ferroviaire entre les terminaux de Cherbourg et de Mouguerre	C/2025/3185, 10.6.2025
SA.115027	Kýpur	Cyprus	Σχέδιο για την κατεδάφιση οχημάτων κτηνοτροφικών υποστατικών για υγειονομικούς και περιβαλλοντικούς λόγους	C/2025/3213, 11.6.2025
SA.116353	Þýskaland	Schleswig-Holstein	Schleswig-Holstein: Ausgleichszahlungen für Grünlandlebensräume und Wertgrünland in Schleswig-Holstein	C/2025/3222, 12.6.2025
SA.117019	Ítalía		Intervento SRG06 "LEADER – Attuazione strategie di sviluppo locale" (Cooperazione interterritoriale e transnazionale)	C/2025/3231, 13.6.2025
SA.117255	Ítalía		PSP 2023 2027 - Avviso Pubblico Intervento SRA27 - Pagamenti Impegni silvoambientali e impegni in materia di clima	C/2025/3234, 12.6.2025

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://competition-cases.ec.europa.eu/search?caseInstrument=SA>